Fundargerð YFN BLÍ

5. nóvember 2026

Fundur settur kl. 18:00 og slitið kl. 18:39

Fundarritari: Guðrún Jóna Árnadóttir

Mætt voru fulltrúar frá: Keflavík, HK, KA, Þrótti Nes, Völsungi, Aftureldingu og Vestra. Mótastjóri var einnig á fundinum.

Mætt: Sara Lind, Erla, Rósborg, Hulda, Karl, Arna og Signý.

1. Fyrsta mót tímabilsins – yfirferð

Fyrsta mót tímabilsins var það stærsta hingað til, með 72 liðum og alls 206 leikjum. Almennt gekk mótið vel og Völsungur nefndi sérstaklega hvað það hefði heppnast vel og að Kórinn hefði reynst mjög góð aðstaða.

Helstu hnökrar tengdust umsjóninni. Rætt var hvort foreldrar gætu komið meira að henni og aðstoðað, meðal annars í drengjaflokkunum. Einnig var rætt um mikilvægi þess að þjálfarar styðji við dómgæsluna, hjálpi til ef þarf og séu uppbyggilegir í samskiptum við dómara. Skoða þarf hvernig hægt sé að styðja betur við umsjónina á næstu mótum.

2. Skráningar, lið og upplýsingar til mótshaldara

Farið var yfir ábendingar frá Oddi um að byrja fyrr á undirbúningi og tryggja að allar upplýsingar séu réttar og skýrar, sérstaklega varðandi keppnissvæði liðanna. Þegar lið eru samsett úr leikmönnum sem spila í fleiri en einum flokki þarf að passa að þau séu skráð í alla þá flokka sem þau taka þátt í.

Þetta átti meðal annars við um U16 drengjalið sem einnig spiluðu í U14. Eitt lið hafði ekki verið skráð í báða flokka og það hafði áhrif á skipulagið. Einnig voru U12 leikmenn að spila upp fyrir sig í U14. Guðrún Jóna benti á að þetta fyrirkomulag gæfi drengjunum meiri spilatíma og fleiri snertingar og gæti hjálpað til við að halda þeim í íþróttinni. Hún taldi mikilvægt að halda áfram að nýta þennan möguleika þar sem það á við.

Rætt var um að skráningarformið þurfi að vera skýrara og að símanúmer tengiliðs og þjálfara séu skráð svo mótshaldarar geti náð í rétta aðila ef eitthvað kemur upp. Rósborg ætlar að bæta símanúmerum tengiliðs og þjálfara inn í skráningarformið. Einnig var rætt um að mótakerfið geti látið vita ef umsjón lendir á sama tíma og lið á að spila.

Oddur fékk upplýsingar um lið og skipulag ekki fyrr en á sunnudeginum. Það hefði verið betra að fá þær fyrr, en seinkunin tengdist því að húsnæði datt út og breyta þurfti fyrirkomulaginu. Rósborg er þegar byrjuð að undirbúa janúarmótið og samstaða var um að senda skráningarformið út í desember, fyrir jól.

3. Leikjaskipulag og athugasemdir frá liðum

Rætt var um að athugasemdir frá liðum og óskir um breytingar á leikjum berist oft of seint. Í sumum tilfellum hafa lið haft samband á föstudegi, rétt áður en mót hefst, og þá getur verið erfitt að bregðast við án þess að hafa áhrif á allt skipulagið.

Miðvikudagur fyrir mót kom til umræðu sem mögulegur lokadagur fyrir athugasemdir og óskir um breytingar. Taka þarf þó mið af því hvenær leikjaplanið er sent út. Mikilvægt er að lið fari yfir planið um leið og það berst og komi athugasemdum inn sem fyrst.

Sara benti á að leikjaplanið hefði borist of seint til liða af landsbyggðinni. Þau þurftu að leggja af stað um nótt og hefðu þurft að fá tímakvótann fyrr til að geta skipulagt ferðina. Hulda spurði hvort hægt væri að ákveða fyrirfram hvenær tímakvótinn yrði sendur út. Rætt var um að tímakvóti og leikjaskipulag fari ekki út fyrr en ljóst er hvernig leikið verður og allt fyrirkomulag komið á hreint, en jafnframt þurfi að senda upplýsingarnar út eins fljótt og hægt er.

4. Mótastjórn og samskipti

Mótastjórn og samskipti fengu mjög góða umsögn. Hulda nefndi að það hefði verið einstaklega þægilegt að eiga við Odd. Hann hefði alltaf verið kátur og tilbúinn að aðstoða, sem skipti miklu máli þegar verið væri að halda utan um svona stórt mót. Guðrún Jóna sagði að Oddur hefði sömuleiðis haft gott að segja um samskiptin við nefndina og viðmótið. Hún hrósaði einnig ungu stelpunum í Fagralundi sem hefðu verið einstaklega duglegar og haft allt á hreinu. Samskiptin við Huldu og hópinn í Fagralundi voru til fyrirmyndar.

Einnig var rætt um fyrirkomulag varðandi fararstjóra. Einn fararstjóri fyrir hvern aldursflokk fær gistingu og mat án greiðslu. Rósborg hefur bætt þessum upplýsingum inn á heimasíðuna undir upplýsingum um gistingu.

5. Annað

Rósborg tók upp fyrirkomulag Bikarmóts U16 og hvort halda ætti úrslitaviðureignina samhliða Kjöríshelginni eins og verið hefur eða klára á Ísafirði. Ef það yrði á úrslitahelgi gætu leikir verið seint á dagskrá þar sem karlaleikir og Deildarbikarinn eru einnig á dagskrá.

Samstaða var um að gera meira úr mótinu og gefa leikmönnunum flottari umgjörð. Sérstaklega var nefnt að þetta gæti verið skemmtilegt fyrir strákana, aukið sýnileika þeirra og mögulega hjálpað til við að fjölga þeim í blakinu. Sara, segir það skiptir ekki máli þó þau spili seint, örugglega meira tilbúin í það en snemma dags. Fyrirkomulagið sem rætt var um er að stelpurnar spili strax eftir úrslitaleik kvenna og strákarnir strax í kjölfarið.

Ekki verða úrslitaleikir á Ísafirði. Efstu tvö liðin fara í úrslitaleik sem verður spilaður í Digranesi. Ekki verða veitt verðlaun fyrir þriðja sæti.

Næsti fundur: 3. desember 2026 kl. 18:00